

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/584****2021/EES/72/09****frá 14. júlí 2016****um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega
eftirlitsstaðla sem tilgreina skipulagskröfur fyrir viðskiptavettvanga (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB ⁽¹⁾, einkum a-, c- og g-lið 12. mgr. 48. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Mikilvægt er að tryggja að viðskiptavettvangar sem gera algrímsviðskipti möguleg búi yfir fullnægjandi kerfum og stjórnækjum.
- 2) Ákvæði þessarar reglugerðar ættu ekki eingöngu að gilda um skipulega markaði heldur einnig um markaðstorg fjármálagerninga og skipuleg markaðstorg eins og ákvarðað er í 5. mgr. 18. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.
- 3) Áhrif tæknipróunar, einkum algrímsviðskipta, eru einn aðalvatinn til að ákvarða afkastagetu og ráðstafanir til að stýra viðskiptavettvöngum. Áhættan sem fylgir algrímsviðskiptum getur verið til staðar í öllum tegundum viðskiptakerfa sem styðjast við rafrænar lausnir. Því ætti að mæla fyrir um sérstakar skipulagskröfur er varða skipulega markaði, markaðstorg fjármálagerninga og skipuleg markaðstorg sem heimila eða gera algrímsviðskipti möguleg í kerfum sínum. Þetta eru viðskiptakerfi þar sem algrímsviðskipti geta farið fram gagnstætt viðskiptakerfum þar sem algrímsviðskipti eru ekki heimilud, þ.m.t. viðskiptakerfi þar sem raddröfn viðskipta fara fram.
- 4) Setja ætti reglur um stjórnarhætti, hlutverk regluvörslu, starfsmannamál og útvistun sem hluta af skipulagskröfunum til að tryggja álagsþol rafrænna viðskiptakerfa.
- 5) Mæla ætti fyrir um kröfur að því er varðar kerfi viðskiptavettvanga sem heimila eða gera mögulegt að stunda algrímsviðskipti. Sértek beiting þeirra ætti samt sem áður að fara fram í tengslum við sjálfsmat sem hver viðskiptavettvangur fyrir sig skal framkvæma þar sem ekki fylgir sama áhætta öllum viðskiptalíkönum. Því getur verið að sumar skipulagskröfur eigi ekki við um tiltekin viðskiptalíkön þótt viðskiptakerfi þeirra gætu að ákveðnu leyti stuðst við rafrænar lausnir. Einkum ætti að skoða þær sértæku kröfur sem settar eru í tengslum við tilboðsdrifin viðskiptakerfi eða blönduð kerfi með tilliti til eðlis, umfangs og flækjustigs í þeirri algrímsviðskiptastarfsemi sem stunduð er. Að sama skapi ættu viðskiptavettvangar að setja strangari kröfur ef við á.
- 6) Taka ætti fullt tillit til áhættu sem fylgir algrímsviðskiptum og beina athyglinni sérstaklega að áhættu sem gæti haft áhrif á kjarnaþætti viðskiptakerfis, þ.m.t. vélbúnað, hugbúnað og tengdar samskiptaleiðir sem viðskiptavettvangar og aðilar, þátttakendur eða viðskiptavinir viðskiptavettvanga („aðilar“) nota til að stunda starfsemi sína og hvers konar framkvæmdarkerfi eða tilboðsstýringarkerfi sem viðskiptavettvangar starfrækja, þ.m.t. pörunaralgrím.
- 7) Ákvarða þarf sértækar skipulagskröfur fyrir viðskiptavettvanga gegnum áreiðanlegt sjálfsmat þar sem meta þarf nokkra þætti. Slíkt sjálfsmat ætti að ná yfir allar aðrar aðstæður sem ekki eru sérstaklega tilgreindar og geta haft áhrif á skipulag þeirra.
- 8) Lágmarkstíminn sem halda skal skrár um sjálfsmat og áreiðanleikakönnun aðila að því er varðar þessa reglugerð ætti að vera sá hinn sami og fyrir almennar skyldur um skráahald sem kveðið er á um í tilskipun 2014/65/ESB.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 350. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 88, 31.10.2019, bls. 7.

(¹) Stjttð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349.

- 9) Þar sem viðskiptavettvangar þurfa að framkvæma vöktun á rauntíma er nauðsynlegt að viðvaranir í kjölfar þeirrar vöktunar komi fram eins fljótt og tæknilega er mögulegt, og því í mesta lagi innan fimm sekúndna, til að bera árangur. Af sömu ástæðu ættu allar aðgerðir sem gerðar eru í kjölfar þeirrar vöktunar að fara fram eins fljótt og mögulegt er miðað við að hlutaðeigandi aðilar haldi skilvirkni og kostnaði við kerfin á hæfilegu stigi.
- 10) Prófunarbúnaður sem viðskiptavettvangar bjóða upp á ætti ekki að hafa í för með sér áhættu fyrir skipuleg viðskipti. Til að koma í veg fyrir það ætti viðskiptavettvöngum að bera skylda til að taka upp viðeigandi notkunarstefnu, tryggja algera aðgreiningu milli prófunarumhverfis og raunumhverfis eða leyfa aðeins prófanir utan viðskiptatíma.
- 11) Samkvæmnisprófun ætti að tryggja að grunnþættir kerfisins eða algrímsins sem aðilar vettvangsins nota virki rétt og í samræmi við kröfur hans, þ.m.t. að getan til samskipta við þörunarröskverk (e. *matching logic*) viðskiptavettvangsins sé eins og til er ætlast og að vinnsla gagnaflæðis til og frá viðskiptavettvangnum sé fullnægjandi. Prófanir fyrir ótilhlýðilegum viðskiptaaðstæðum ættu að vera gerðar með það fyrir augum að taka sérstaklega á viðbrögðum algrímsins eða áætlunarinnar við aðstæðum sem gætu skapað óróleika á markaði.
- 12) Ef viðskiptavettvangar eru með fyrirkomulag til að prófa algrím með því að bjóða upp á prófunartákn telst skylda þeirra til að veita aðstöðu til prófunar fyrir ótilhlýðilegum viðskiptaaðstæðum uppfyllt. Til að aðilar geti með skilvirkum hætti notað slík prófunartákn ættu viðskiptavettvangar að birta skilgreiningar og eiginleika prófunartáknanna með jafn nákvæmum hætti og þegar þau gera slíkt aðgengilegt almenningi vegna raunverulegra samninga í raunumhverfinu.
- 13) Viðskiptavettvöngum ætti að bera skylda til að bjóða leiðir sem gera kleift að prófa fyrir ótilhlýðilegum viðskiptaaðstæðum. Aðilum þeirra ætti þó ekki að vera skylt að nota þessar leiðir. Það ætti að teljast nægileg trygging ef viðskiptavettvangar fá yfirlýsingu frá aðilum sínum þar sem staðfest er að slíkar prófanir hafi átt sér stað og þar sem skýrt er frá því hvaða leiðir voru notaðar við prófanirnar en viðskiptavettvöngum ætti hvorki að vera skylt að sannreyna hvort þessar leiðir eru fullnægjandi né niðurstöður prófananna.
- 14) Gera ætti kröfu um að viðskiptavettvangar og aðilar þeirra séu nægilega vel í stakk búnir til að afturkalla óframkvæmd fyriræli sem neyðarráðstöfun ef óvæntar aðstæður koma upp.
- 15) Að veita ótakmörkuðum fjölda einstaklinga beinan rafrænan aðgang getur haft í för með sér áhættu fyrir veitanda þjónustunnar og einnig fyrir álagssþol og afkastagetu viðskiptavettvangsins sem fær fyrirælin send. Til að taka á slíkri áhættu, ef viðskiptavettvangar leyfa frekara framsal, ætti veitandi beina rafræna aðgangsins að geta greint mismunandi flæði tilboða frá þeim sem nýta sér frekara framsal.
- 16) Ef viðskiptavettvangur heimilar aðgang gegnum aðra ætti hann að láta væntanlega viðskiptavinum, með aðgang gegnum aðra, fara gegnum leyfisferli. Viðskiptavettvangar ættu einnig að geta ákveðið að aðilar að þeim þurfi starfsleyfi til að veita þjónustu með beinum markaðsaðgangi.
- 17) Viðskiptavettvangar ættu að tilgreina þær kröfur sem aðilar þeirra þurfa að uppfylla til að fá að veita beinan rafrænan aðgang og ákvarða þá lágmarksstaðla sem væntanlegir viðskiptavinir með beinan rafrænan aðgang þurfa að uppfylla í áreiðanleikakönnuninni. Laga ætti þessar kröfur og staðla að þeirri áhættu sem stafar af eðli, umfangi og flækjustigi væntanlegra viðskipta og þjónustu sem veitt er. Einkum ættu þau að fela í sér mat á umfangi væntanlegra viðskipta, magni fyriræla og tegund tengingar sem í boði er.
- 18) Nauðsynlegt er, til að gæta samræmis og tryggja snurðulausa virkni fjármálamarkaðanna, að ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og tengd innlend ákvæði sem lögleiða tilskipun 2014/65/ESB komi til framkvæmda frá og með sama degi.
- 19) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 20) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitni hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽¹⁾.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

**ALMENNAR SKIPULAGSKRÖFUR FYRIR VIÐSKIPTAVETTVAंगा SEM HEIMILA EÐA GERA ALGRÍMSVIÐSKIPTI
MÖGULEG Í KERFUM SÍNUM**

1. gr.

Efni og gildissvið

(Ákvæði 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ítarlegar reglur um skipulagskröfur fyrir kerfi viðskiptavettvanga sem heimila algrímsviðskipti eða gera þau möguleg, í tengslum við álagsþol þeirra og getu, kröfur til viðskiptavettvanga um að tryggja viðeigandi prófanir á algrími og kröfur í tengslum við eftirlit sem varðar beina, rafræna tengingu skv. a-, b-, og g-lið 12. mgr. 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.
2. Að því er varðar þessa reglugerð telst viðskiptavettvangur heimila algrímsviðskipti eða gera þau möguleg ef framlagning og pörun tilboða fer fram með rafrænum hætti.
3. Að því er varðar þessa reglugerð telst hvers konar fyrirkomulag eða kerfi sem heimilar algrímsviðskipti eða gerir þau möguleg vera „algrímsviðskiptakerfi“.

2. gr.

Sjálfsmat á hlítni við ákvæði 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB

(Ákvæði 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Áður en viðskiptakerfi er tekið í notkun og a.m.k. einu sinni á ári skulu viðskiptavettvangar framkvæma sjálfsmat á hlítni sinni við ákvæði 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB með tilliti til eðlis, umfangs og flækjustigs starfsemi sinnar. Sjálfsmatið skal fela í sér greiningu á öllum þáttum sem settir eru fram í viðaukanum við þessa reglugerð.
2. Viðskiptavettvangar skulu halda skrá um sjálfsmat sitt í a.m.k. fimm ár.

3. gr.

Stjórnarhættir viðskiptavettvanga

(Ákvæði 1. mgr. 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Sem hluta af heildarramma sínum um stjórnarhætti og ákvörðunartöku skulu viðskiptavettvangar koma á fót og hafa eftirlit með viðskiptakerfum sínum með skýru og formlegu stjórnunarfyrrirkomulagi þannig að eftirfarandi sé tilgreint:
 - a) greining þeirra á þáttum er varða tækni, áhættu og hlítni þegar mikilvægar ákvarðanir eru teknar,
 - b) skýrar ábyrgðarlínur, þ.m.t. verklag til að samþykja þróun, innleiðingu og síðari uppfærslur viðskiptakerfa og til að leysa vandamál sem koma í ljós við eftirlit með viðskiptakerfunum,
 - c) skilvirkt verklag til miðlunar upplýsinga þannig að unnt sé að nálgast leiðbeiningar og nota þær tímanlega og með skilvirkum hætti,
 - d) verka- og ábyrgðarskipting til að tryggja skilvirkt eftirlit með hlítni viðskiptavettvanga.

2. Stjórn eða framkvæmdastjórn viðskiptavettvanga skal samþykkja:
 - a) sjálfsmat á hlífni í samræmi við 2. gr.,
 - b) ráðstafanir til að auka getu viðskiptavettvangsins, ef nauðsyn krefur, til að fara að 11. gr.,
 - c) aðgerðir til að ráða bót á öllum verulegum annmörkum sem greinast við eftirlit í samræmi við 12. og 13. gr. eftir reglubundna úttekt á frammistöðu og getu viðskiptakerfa í samræmi við 14. gr.

4. gr.

Regluvörslueining innan fyrirkomulags stjórnarhátta

(Ákvæði 1. mgr. 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Viðskiptavettvangar skulu tryggja að regluvörslueining sín beri ábyrgð á:
 - a) að skýra lagaskyldur viðskiptavettvangsins að því er varðar algrímsviðskipti fyrir öllu starfsfólki sem kemur að slíkum viðskiptum,
 - b) að þróa og viðhalda stefnum og ferlum til að tryggja að algrímsviðskiptakerfin samræmist þessum skyldum.
2. Viðskiptavettvangar skulu tryggja að starfsfólk sitt sem sinnir regluvörslu hafi hið minnsta almennan skilning á því hvernig algrímsviðskiptakerfi og algrím virka.

Starfsfólk í regluvörslu skal vera í stöðugu sambandi við einstaklinga innan viðskiptavettvangsins sem búa yfir ítarlegri tækniþekkingu á algrímsviðskiptakerfum vettvangsins eða algrími.

Viðskiptavettvangar skulu auk þess tryggja að starfsfólk í regluvörslu sé ávallt í beinu sambandi við einstaklinga sem hafa aðgang að þeirri aðgerð sem um getur í c-lið 2. mgr. 18. gr. („neyðarstöðvunaraðgerð“), eða hafi sjálf aðgang að þeirri neyðarstöðvunaraðgerð, og við þá sem bera ábyrgð á algrímsviðskiptakerfinu.

3. Sé regluvörslu eða einstökum þáttum hennar útvistað til þriðja aðila skal viðskiptavettvangurinn veita þeim þriðja aðila sama aðgang að upplýsingum og veittur yrði eigin starfsfólki í regluvörslu. Viðskiptavettvangar skulu gera samning við slíka regluvörsluráðgjafa til að tryggja:
 - a) gagnaleynd,
 - b) að úttektir á regluvörslu af hálfu innri og ytri endurskoðenda eða lögbærs yfirvalds séu óhindraðar.

5. gr.

Starfsfólk

(Ákvæði 1. mgr. 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Viðskiptavettvangar skulu ráða nægilegan fjölda starfsfólks með nauðsynlega hæfni til að stýra algrímsviðskiptakerfi og viðskiptaalgrími þeirra og með fullnægjandi þekkingu á:
 - a) viðkomandi viðskiptakerfum og algrími,
 - b) vöktun og prófunum á slíkum kerfum og algrími,

- c) þeim tegundum viðskipta sem aðilar, þátttakendur eða viðskiptavinir viðskiptavettvangsins („aðilar“) stunda,
 - d) lagaskyldum viðskiptavettvangsins.
2. Viðskiptavettvangar skulu skilgreina nauðsynlega hæfni sem um getur í 1. mgr. Starfsfólkið sem um getur í 1. mgr. skal búa yfir þessari nauðsynlegu hæfni við ráðningu eða öðlast hana með þjálfun eftir ráðningu. Viðskiptavettvangar skulu tryggja að hæfni slíks starfsfólks sé haldið uppfærðri og skulu meta hæfni þess reglulega.
3. Starfsþjálfunin sem um getur í 2. mgr. skal sniðin að reynslu og ábyrgð starfsfólksins og skal tillit tekið til eðlis, umfangs og flækjustigs starfa þeirra.
4. Á meðal þess starfsfólks sem um getur í 1. mgr. skal vera starfsfólk sem er nægilega háttsett til að annast verkefni sín á skilvirkan hátt innan viðskiptavettvangsins.

6. gr.

Útvistun og innkaup

(Ákvæði 1. mgr. 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Viðskiptavettvangar sem útvista öllum eða sumum þeim rekstrarþáttum sínum sem varða þau kerfi sem heimila algrímsviðskipti eða gera þau mögulega skulu tryggja:
- a) að útvistunarsamningurinn varði eingöngu rekstrarlega þætti og breyti ekki ábyrgð framkvæmdastjórnar og stjórnar,
 - b) að sambandi og skyldum viðskiptavettvangsins gagnvart aðilum sínum, lögbærum yfirvöldum eða þriðju aðilum, s.s. viðskiptavinum gagnastreymisþjónustu, sé ekki breytt,
 - c) að þeir uppfylli skilyrði starfsleyfis í samræmi við III. bálk tilskipunar 2014/65/ESB.
2. Rekstrarþættir í merkingu þessarar greinar taka til allrar þeirrar beinu starfsemi í tengslum við virkni viðskiptakerfanna og eftirlit með þeim sem styður eftirfarandi þætti:
- a) uppsendingartengingetu (e. *upstream connectivity*), getu til að leggja fram tilboð, getu til hægingar (e. *throttling*) og möguleikann á að jafna innstreymi fyrirmæla frá viðskiptavinum gegnum mismunandi gáttir,
 - b) viðskiptavél (e. *trading engine*) til að para tilboð,
 - c) niðursendingartengingetu (e. *downstream connectivity*), breytingar á fyrirmælum og viðskiptum og hvers konar aðra tegund af streymi markaðsgagna,
 - d) innviði til eftirlits með frammistöðu að því er varðar þá þætti sem taldir eru upp í a-, b- og c-lið.
3. Viðskiptavettvangar skulu skjalfesta ferli við val á þjónustuveitanda sem rekstrarþáttum er útvistað til („þjónustuveitandi“). Þeir skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja, áður en þeir gera útvistunarsamninginn og út gildistíma hans, að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:
- a) að þjónustuveitandinn hafi getu til að sinna útvistuðu rekstrarþáttunum á áreiðanlegan og faglegan hátt og hafi öll tilskilin leyfi samkvæmt lögum í því tilliti,
 - b) að þjónustuveitandinn hafi tilhlýðilegt eftirlit með framkvæmd útvistaðra rekstrarþátta og stýri á fullnægjandi hátt þeirri áhættu sem tengist útvistunarsamningnum,
 - c) að útvistaða þjónustan sé veitt í samræmi við ákvæði útvistunarsamningsins, sem byggist á fyrirfram ákveðnum aðferðum til gæðamats á frammistöðu þjónustuveitandans, þ.m.t. viðmiðum til að mæla veitta þjónustu og skilgreiningum þeirra krafna sem uppfylla skal,
 - d) að viðskiptavettvangurinn búi yfir nauðsynlegri sérþekkingu til að hafa eftirlit með útvistuðum rekstrarþáttum á skilvirkan hátt og stýra þeirri áhættu sem tengist útvistunarsamningnum,

- e) að viðskiptavettvangnum sé kleift að grípa til skjótra aðgerða ef þjónustuveitandinn innir verkefni sín ekki af hendi með skilvirkum hætti og í samræmi við gildandi lög og reglur,
- f) að þjónustuveitandinn upplýsi viðskiptavettvanginn um allt sem gæti haft veruleg áhrif á getu hans til að sinna hinum útvistuðu rekstrarþáttum á skilvirkan hátt og í samræmi við lagaskyldur sínar,
- g) að viðskiptavettvangurinn geti sagt upp útvistunarsamningnum, ef nauðsyn krefur, án þess að það skaði samfellu og gæði þjónustu hans við viðskiptavinina sína,
- h) að þjónustuveitandinn vinni með lögbærum yfirvöldum viðskiptavettvangsins í tengslum við hina útvistuðu starfsemi,
- i) að viðskiptavettvangurinn hafi greiðan aðgang að gögnum sem tengjast útvistuðu starfseminni og aðgang að starfsstöð þjónustuveitandans og að endurskoðendur viðskiptavettvangsins og lögbær yfirvöld hafi greiðan aðgang að gögnum sem tengjast hinni útvistuðu starfsemi,
- j) að viðskiptavettvangurinn skilgreini kröfur sem þjónustuveitandanum ber að uppfylla til verndar trúnaðarupplýsingum sem tengjast viðskiptavettvangnum og aðilum hans og einkaréttarvörðum upplýsingum og hugbúnaði vettvangsins,
- k) að þjónustuveitandinn uppfylli þær kröfur sem um getur í j-lið,
- l) að viðskiptavettvangurinn og þjónustuveitandinn komi á, hrindi í framkvæmd og viðhaldi viðbúnaðaráætlun um endurheimt eftir áfall og reglubundnum prófunum á afritunarbúnaði sé það nauðsynlegt með tilliti til útvistaðs rekstrarþátta,
- m) að útvistunarsamningurinn tilgreini skyldur þjónustuveitandans í tilfellum þar sem honum er ókleift að veita þjónustu sína, þ.m.t. um að annað fyrirtæki veiti þá þjónustuna í hans stað,
- n) að viðskiptavettvangurinn hafi aðgang að upplýsingum um það fyrirkomulag til að viðhalda rekstrarsamfellu hjá þjónustuveitandanum sem um getur í 16. gr.

4. Útvistunarsamningar skulu vera skriflegir og hafa að geyma eftirfarandi:

- a) ákvæði um framsal réttinda og skyldna milli þjónustuveitanda og viðskiptavettvangs,
- b) greinargóða lýsingu á:
 - i. útvistuðum rekstrarþáttum,
 - ii. aðgangi viðskiptavettvangsins að bókum og gögnum þjónustuveitandans,
 - iii. verklagi til að greina og takast á við mögulega hagsmunarárekstra,
 - iv. þeirri ábyrgð sem hvor aðili tekur á sig,
 - v. verklagi við að breyta og segja upp samningnum,
- c) ákvæði um leiðir til að tryggja að bæði viðskiptavettvangurinn og þjónustuveitandinn greiði fyrir því, á allan hátt sem nauðsyn krefur, að lögbært yfirvald geti beitt eftirlitsheimildum sínum.

5. Viðskiptavettvangar skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum um áform sín um að útvista rekstrarþáttum í eftirfarandi tilvikum:

- a) ef þjónustuveitandinn veitir öðrum viðskiptavettvöngum sömu þjónustu,
- b) ef til stendur að útvista nauðsynlegum rekstrarþáttum sem eru nauðsynlegir fyrir rekstrarsamfellu en þá skal viðskiptavettvangurinn óska eftir fyrirframleyfi lögbæra yfirvaldsins.

6. Að því er varðar b-lið 5. mgr. skulu mikilvægir rekstrarþættir fela í sér þá þætti sem nauðsynlegir eru til að uppfylla þær skyldur sem um getur í b-, c-, og e-lið 1. mgr. 47. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

7. Viðskiptavettvangar skulu upplýsa lögbær yfirvöld um alla útvistunarsamninga sem falla ekki undir kröfuna um fyrirframleyfi, strax eftir undirritun slíks samnings.

II. KAFLI

GETA OG ÁLAGSPÓL VIÐSKIPTAVETTVANGA

7. gr.

Tilhlýðileg aðgát gagnvart aðilum viðskiptavettvanga

(Ákvæði 1. mgr. 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Viðskiptavettvangar skulu setja skilyrði um notkun aðila sinna á rafrænum kerfum til framlagningar tilboða. Þessi skilyrði skulu sett með hliðsjón af viðskiptalíkani (e. *trading model*) viðskiptavettvangsins og skulu taka til a.m.k. eftirfarandi:
 - a) eftirlits á undan viðskiptum með verði, magni og virði tilboða og notkun á kerfinu og eftirlits eftir viðskipti með viðskiptum aðilanna,
 - b) menntunar og hæfis starfsfólks í lykilstöðum hjá aðilunum,
 - c) tæknilegrar og starfrænnar samkvæmnisprófunar,
 - d) reglna um beitingu neyðarstöðvunaraðgerðar,
 - e) hvort aðilum er heimilt að veita viðskiptavinum sínum beinan rafrænan aðgang að kerfinu og, ef svo er, skilyrða sem gilda um þá viðskiptavini.
2. Viðskiptavettvangar skulu gera áreiðanleikakönnun á væntanlegum aðilum sínum á grundvelli þeirra skilyrða sem um getur í 1. mgr. og skulu setja verklagsreglur um slíkar kannanir.
3. Einu sinni á ári skulu viðskiptavettvangar framkvæma áhættumiðað mat á hlítu aðila sinna við þau skilyrði sem um getur í 1. mgr. og kanna hvort aðilar sínir eru enn skráðir sem verðbréfafyrirtæki. Í áhættumiðaða matinu skal taka tillit til umfangs og mögulegra áhrifa af viðskiptum hvers aðila sem og þess tíma sem liðinn er frá síðasta áhættumiðaða mati á viðkomandi aðila.
4. Ef nauðsyn krefur skulu viðskiptavettvangar framkvæma viðbótarmat á hlítu aðila sinna við þau skilyrði sem um getur í 1. mgr. í kjölfar þess árlega áhættumiðaða mats sem mælt er fyrir um í 3. mgr.
5. Viðskiptavettvangar skulu setja fram viðmið og verklagsreglur um beitingu viðurlaga gegn aðilum sem fara ekki að tilskildum ákvæðum. Á meðal þeirra viðurlagaúrræða skulu vera tímabundin lokun aðgangs að viðskiptavettvangnum og svipting aðildar.
6. Viðskiptavettvangar skulu í minnst fimm ár halda skrár um:
 - a) skilyrði og verklagsreglur um áreiðanleikakannanir,
 - b) viðmið og verklagsreglur um beitingu viðurlaga,
 - c) upprunalega áreiðanleikakönnun aðila sinna,
 - d) árlegt áhættumiðað mat á aðilum sínum,
 - e) þá aðila sem ekki standast áhættumiðaða matið og öll viðurlög sem slíkir aðilar eru beittir.

8. gr.

Prófun á viðskiptakerfum

(Ákvæði 1. mgr. 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Áður en viðskiptakerfi er tekið í notkun eða uppfært skulu viðskiptavettvangar beita skýrt skilgreindum þróunar- og prófunaraðferðum sem tryggja a.m.k. að:
 - a) viðskiptakerfið virki ekki á annan hátt en til er ætlast,
 - b) stjórnþætti til regluvörslu og áhættustýringar sem kerfið felur í sér starfi eins og til er ætlast, þ.m.t. sjálfvirkar villutilkynningar,
 - c) viðskiptakerfið geti áfram starfað á skilvirkan hátt þótt veruleg aukning verði á fjölda skilaboða sem það vinnur úr.
2. Viðskiptavettvangar skulu hvenær sem er geta sýnt fram á að þeir hafi gert allar eðlilegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að viðskiptakerfi þeirra yti undir ótilhlýðilegar viðskiptaaðstæður.

9. gr.

Samkvæmnisprófun

(Ákvæði 6. mgr. 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Viðskiptavettvangar skulu gera aðilum sínum að framkvæma samkvæmnisprófun áður en byrjað er að nota eða gerð er veruleg uppfærsla á:
 - a) aðgangi að kerfi viðskiptavettvangsins,
 - b) viðskiptakerfi, viðskiptaalgrími þeirra eða viðskiptastefnu.
2. Samkvæmnisprófunin skal tryggja að grunnvirkni viðskiptakerfis, viðskiptaalgríms og viðskiptastefnu aðilans samræmist skilyrðum viðskiptavettvangsins.
3. Samkvæmnisprófunin skal sannreyna eftirfarandi virkni:
 - a) getu kerfisins eða algrímsins til samskipta við þörunarröckverk (e. *matching logic*) viðskiptavettvangsins eins og til er ætlast og fullnægjandi vinnslu gagnaflæðis til og frá viðskiptavettvangnum,
 - b) grunnvirkni svo sem framlagningu, breytingu eða afturköllun tilboðs eða yfirlýsingu um viðskiptaáhuga, niðurhal fastra gagna (e. *static data*) og markaðsgagna og allt flæði rekstrargagna (e. *business data*),
 - c) tengigetu, þ.m.t. skipunina að afturkalla við aftengingu (e. *cancel on disconnect*), rof eða hægingu á streymi markaðsgagna, og endurheimt, þ.m.t. áframhald viðskipta að nýju innan dags og meðhöndlun gerninga sem viðskipti hafa verið stöðvuð með eða óuppfærðra markaðsgagna.
4. Viðskiptavettvangar skulu sjá aðilum sínum og væntanlegum aðilum sínum fyrir umhverfi til samkvæmnisprófunar sem:
 - a) er aðgengilegt með sambærilegum skilyrðum og þeim sem gilda um aðra prófunarþjónustu viðskiptavettvangsins,
 - b) veitir lista yfir fjármálagerninga sem unnt er að prófa og sem eru lýsandi fyrir hvern flokk gerninga sem býðst í raunumhverfinu,
 - c) er aðgengilegt á almennum markaðstíma eða, sé það aðeins aðgengilegt utan markaðstíma, á fyrirframskipulögðum tíma með reglulegu millibili,
 - d) er stutt af starfsfólki með fullnægjandi þekkingu.

5. Viðskiptavettvangar skulu skila skýrslu um niðurstöður samkvæmnisprófunarinnar einungis til núverandi eða væntanlegra aðila sinna.
6. Viðskiptavettvangar skulu krefjast þess af núverandi og væntanlegum aðilum sínum að þeir noti samkvæmnisprófunarbúnað viðskiptavettvangsins.
7. Viðskiptavettvangar skulu tryggja að prófunarumhverfið sé vel aðgreint frá raunumhverfinu að því er varðar samkvæmnisprófunina sem um getur í 1.–3. mgr.

10. gr.

Prófun á algrími aðila til að koma í veg fyrir ótilhlýðilegar viðskiptaaðstæður

(Ákvæði 6. mgr. 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Viðskiptavettvangar skulu gera þá kröfu til aðila sinna að þeir votti að algrím sem þeir taka í notkun hafi verið prófað svo ekki sé ýtt undir eða skapaðar ótilhlýðilegar viðskiptaaðstæður áður en viðskiptaalgrím eða viðskiptastefna er tekin í notkun eða uppfærð verulega og útskýri aðferðirnar sem notaðar voru við þá prófun.
2. Viðskiptavettvangar skulu veita aðilum sínum aðgang að prófunarumhverfi sem skal samanstanda af einhverju af eftirfarandi:
 - a) hermiaðstöðu sem líkir eins raunverulega og unnt er eftir raunumhverfinu, þ.m.t. ótilhlýðilegum viðskiptaaðstæðum, og býður upp á virkni, samskiptareglur og skipulag sem gerir aðilum kleift að prófa ýmsar sviðsmyndir sem þeir telja að eigi við um starfsemi sína,
 - b) prófunartáknum sem viðskiptavettvangurinn skilgreinir og heldur úti.
3. Viðskiptavettvangar skulu tryggja að prófunarumhverfið sé vel aðgreint frá raunumhverfinu að því er varðar þær prófanir sem um getur í 1. mgr.

11. gr.

Afkastageta viðskiptavettvangs

(Ákvæði 1. mgr. 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Viðskiptavettvangar skulu tryggja að viðskiptakerfi þeirra hafi nægilega afkastagetu til að ráða við verkefni sín án kerfisbilana, bilana þar sem þau liggja niðri eða villna við þörun viðskipta, a.m.k. við mesta fjölda skilaboða á sekúndu sem skráður hefur verið í kerfinu næstliðin fimm ár margfaldaðan með tveimur.

Við ákvörðun mesta fjölda skilaboða skulu eftirfarandi skilaboð tekin með í reikninginn:

- a) hvers konar ílag (e. *input*), þ.m.t. tilboð og breytingar eða afturkallanir á tilboðum,
 - b) hvers konar frágag (e. *output*), þ.m.t. svar kerfisins við ílagi, sýning gagna úr tilboðaskrá og miðlun gagna eftir viðskipti sem felur í sér sjálfstæða notkun á afkastagetu viðskiptakerfisins.
2. Að því er varðar 1. mgr. skal hafa í huga þá þætti viðskiptakerfisins sem styðja eftirfarandi virkni:
 - a) uppsendingartengigetu, getu til að leggja fram tilboð, getu til hægingar og möguleikann á að jafna innstreymi fyrirmæla frá viðskiptavinum gegnum mismunandi gáttir,
 - b) viðskiptavél sem gerir viðskiptavettvangnum kleift að para tilboð með hæfilegum biðtíma,
 - c) niðuralstengigetu, breytingar á tilboðum og viðskiptum og hvers konar aðrar tegundir af streymi markaðsgagna,
 - d) innviði til eftirlits með frammistöðu með tilliti til framangreindra þátta.

3. Viðskiptavettvangar skulu meta hvort afkastageta viðskiptakerfa þeirra er enn fullnægjandi þegar fjöldi skilaboða fer upp fyrir mesta fjölda skilaboða á sekúndu sem skráður hefur verið í kerfinu á næstliðnum fimm árum. Eftir það mat skulu viðskiptavettvangar upplýsa lögbæra yfirvaldið um allar ráðstafanir sem ráðgerðar eru til að auka getu þeirra og hvenær slíkar ráðstafanir koma til framkvæmda.
4. Viðskiptavettvangar skulu tryggja að kerfi sín geti tekið við auknu flæði skilaboða án þess að frammistaða kerfisins skerðist verulegra. Einkum skal viðskiptakerfið þannig úr garði gert að unnt sé að auka getu þess innan viðunandi tíma hvenær sem nauðsynlegt er.
5. Viðskiptavettvangar skulu tafarlaust tilkynna opinberlega, sem og lögbæra yfirvaldinu og aðilum sínum, um allar alvarlegar truflanir á viðskiptum sem ekki stafa af óstöðugleika á markaði og um allar verulegar raskanir á tengingum.

12. gr.

Almennar eftirlitsskyldur

(Ákvæði 1. mgr. 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Viðskiptavettvangar skulu tryggja að algrímsviðskiptakerfi þeirra séu ávallt löguð að þeim viðskiptum sem fara fram gegnum þau og séu nægilega traust til að tryggja samfellu og reglufestu í starfsemi þeirra markaða sem þau eru notuð á óháð því viðskiptalíkani sem notað er.
2. Viðskiptavettvangar skulu vakta algrímsviðskiptakerfi sín í rauntíma í tengslum við eftirfarandi:
 - a) frammistöðu þeirra og afkastagetu sem um getur í 4. mgr. 11. gr.,
 - b) tilboð sem aðilar þeirra senda hvert um sig og á samanteknu formi.

Einkum skulu viðskiptavettvangar beita hægingarmörkum (e. *throttling limits*) og vakta samþjöppun í flæði tilboða til að greina mögulegar ógnir við eðlilega virkni markaðarins.

3. Rauntímaviðvaranir skulu búnar til innan fimm sekúndna eftir viðkomandi atburð.

13. gr.

Viðvarandi eftirlit

(Ákvæði 1. mgr. 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Viðskiptavettvangar skulu hvenær sem er geta sýnt lögbæru yfirvaldi sínu fram á að þeir vakti í rauntíma frammistöðu og beitingu þeirra þátta í viðskiptakerfum sínum sem um getur í 2. mgr. 11. gr. út frá eftirfarandi viðmiðum:
 - a) hundraðshluta hámarksskilaboðagetu sem notaður er á sekúndu,
 - b) heildarfjöldi skilaboða sem viðskiptakerfið afgreiðir, sundurliðuðum eftir þáttum viðskiptakerfisins, þ.m.t.:
 - i. fjölda skilaboða sem berast á sekúndu,
 - ii. fjölda skilaboða sem send eru á sekúndu,
 - iii. fjölda skilaboða sem kerfið hafnar á sekúndu,
 - c) tímanum frá því að skilaboð berst í einhverja ytri gátt viðskiptakerfisins þar til tengd skilaboð eru send úr sömu gátt eftir að pörunarvélín vinnur úr upprunalegu skilaboðunum,
 - d) frammistöðu pörunarvélarinnar.

2. Viðskiptavettvangar skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir í tengslum við hvers konar vandamál sem greinast í viðskiptakerfinu með viðvarandi eftirliti eins fljótt og unnt er og eftir forgangsröð og skulu geta aðlagð, hægt á eða stöðvað viðskiptakerfið, ef nauðsyn krefur.

14. gr.

Reglubundin úttekt á frammistöðu og afkastagetu algrímsviðskiptakerfis

(Ákvæði 1. mgr. 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Í tengslum við það sjálfsmat sem framkvæma ber í samræmi við 2. gr. skulu viðskiptavettvangar meta frammistöðu og afkastagetu algrímsviðskiptakerfis síns og tengdra ferla með tilliti til stjórnarháttá, ábyrgðar, samþykkis og fyrirkomulags til að viðhalda rekstrarsamfellu.
2. Sem hluta af því mati sem um getur í 1. mgr. skulu viðskiptavettvangar framkvæma álagspróf sem líkja eftir neikvæðum sviðsmyndum til að staðfesta getu vélbúnaðar, hugbúnaðar og samskiptaleiða og tilgreina þær sviðsmyndir þar sem upp koma kerfisbilanir, bilanir þar sem kerfi liggja niðri eða villur við þörun viðskipta í viðskiptakerfinu eða hlutum þess.
3. Álagspróf skulu taka til allra viðskiptafasa, viðskiptahluta (e. *trading segments*) og tegunda gerninga sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangnum og skulu líkja eftir starfsemi aðila með því tengingarfyrrkomulagi sem fyrir er.
4. Þær neikvæðu sviðsmyndir sem um getur í 2. mgr. skulu miðast við eftirfarandi:
 - a) aukinn fjöldi móttekinnna skilaboða, þannig að byrjað sé á mesta fjölda skilaboða sem kerfi viðskiptavettvangsins hefur afgreitt á næstliðnum fimm árum,
 - b) óvænta hegðun í rekstrarþáttum viðskiptavettvangsins,
 - c) slembisamsetningu erfiðra og eðlilegra markaðsaðstæðna og óvænta hegðun í rekstrarþáttum viðskiptavettvangsins.
5. Matið á frammistöðu og afkastagetu viðskiptavettvangsins sem lýst er í 1.–4. mgr. skal framkvæmt af óháðum matsaðila eða annarri deild innan viðskiptavettvangsins en þeirri sem ber ábyrgð á þeim þætti starfseminnar sem er til skoðunar.
6. Viðskiptavettvangar skulu tafarlaust gera ráðstafanir til að ráða bót á öllum annmörkum sem greinast í matinu á frammistöðu og afkastagetu viðskiptavettvangsins sem um getur í 1.–4. mgr. og skulu halda skrá yfir úttektina og allar aðgerðir til úrbóta sem ráðist er í þessu aðlútandi í a.m.k. fimm ár.

15. gr.

Fyrirkomulag til að viðhalda rekstrarsamfellu,

(Ákvæði 1. mgr. 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Viðskiptavettvangar skulu ávallt geta sýnt fram á nægilegan stöðugleika kerfa sinna á grundvelli skilvirks fyrirkomulags til að viðhalda rekstrarsamfellu til að takast á við atvik sem valda röskun.
2. Þetta fyrirkomulag til að viðhalda rekstrarsamfellu skal tryggja að viðskipti geti hafist að nýju innan eða nálægt tveimur klukkustundum eftir atvik sem veldur röskun og að hámark þess gagnamagns, sem getur tapast hjá einhverri upplýsingatækniþjónustu viðskiptavettvangsins eftir atvik sem veldur röskun, sé nálægt núlli.

16. gr.

Áætlun um rekstrarsamfellu

(Ákvæði 1. mgr. 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Viðskiptavettvangar skulu í tengslum við ramma sinn um stjórnarhætti og ákvörðunartöku í samræmi við 3. gr. setja sér áætlun um rekstrarsamfellu til að innleiða skilvirkt fyrirkomulag rekstrarsamfellu eins og kveðið er á um í 15. gr. Í áætluninni um rekstrarsamfellu skal setja fram verklagsreglur um og fyrirkomulag þess hvernig bregðast skuli við atvikum sem valda röskun.
2. Áætlun um rekstrarsamfellu skal að lágmarki fela í sér eftirfarandi:
 - a) ýmsar mögulegar neikvæðar sviðsmyndir sem varða rekstur algrímsviðskiptakerfisins, þ.m.t. ótíltækileika kerfa, starfsfólks, vinnusvæða, ytri þjónustuaðila eða gagnavera eða tap eða breytingar á nauðsynlegum gögnum og skjölum,
 - b) verklagsreglur sem fylgja skal þegar upp koma atvik sem valda röskun,
 - c) hámarkstíma til að hefja viðskipti á ný og gagnamagn sem kann að tapast í upplýsingatæknikerfinu,
 - d) verklagsreglur um flutning viðskiptakerfis á varastað og rekstur viðskiptakerfisins frá þeim stað,
 - e) öryggisafritun nauðsynlegra viðskiptagagna, þ.m.t. uppfærðar upplýsingar um nauðsynlega tengiliði til að tryggja samskipti innan viðskiptavettvangsins, milli viðskiptavettvangsins og aðila hans og milli viðskiptavettvangsins og stöðustofnunar- og uppgjörsinnviða,
 - f) þjálfun starfsfólks í fyrirkomulagi til að viðhalda rekstrarsamfellu,
 - g) úthlutun verkefna og stofnun sérstaks öryggisteymis sem getur brugðist tafarlaust við atvikum sem valda röskun,
 - h) viðvarandi áætlun um prófun, mat og endurskoðun á fyrirkomulaginu, þ.m.t. verklagsreglur um breytingar á því í ljósi niðurstaðna þeirrar áætlunar.
3. Áætlunin um rekstrarsamfellu skal tilgreina samstillingu á klukkum eftir atvik sem veldur röskun.
4. Viðskiptavettvangar skulu tryggja að fram fari mat á áhrifum sem ákvarðar áhættu og afleiðingar truflana og að það sé endurskoðað reglulega. Allar ákvarðanir viðskiptavettvangs um að taka ekki tillit, í áætlun sinni um rekstrarsamfellu, til greindrar hættu á að viðskiptakerfið verði ótíltækt skulu skjalfestar á fullnægjandi hátt og samþykktar með skýrum hætti af stjórn viðskiptavettvangsins.
5. Viðskiptavettvangar skulu tryggja að framkvæmdastjórn þeirra:
 - a) setji fram skýr markmið og aðferðaráætlanir um rekstrarsamfellu,
 - b) verji fullnægjandi mannauði, tækjabúnaði og fjármagni til að fylgja þeim markmiðum og aðferðaráætlunum sem um getur í a-lið,
 - c) samþykki áætlun um rekstrarsamfellu og allar breytingar á henni sem nauðsynlegar eru í kjölfar skipulags-, tækni- og lagabreytinga,
 - d) fái a.m.k. árlega upplýsingar um niðurstöður áhrifamats eða um endurskoðun þess og um allar niðurstöður sem varða það hvort áætlunin um rekstrarsamfellu er fullnægjandi,
 - e) komi á fót starfseiningu um rekstrarsamfellu innan fyrirtækisins.
6. Í áætlun um rekstrarsamfellu skal kveða á um verklagsreglur til að taka á öllum truflunum á nauðsynlegum rekstrarþáttum sem útvistað er, þ.m.t. þegar viðkomandi nauðsynlegir rekstrarþættir verða ótíltækir.

*17. gr.***Reglubundin endurskoðun á fyrirkomulagi til að viðhalda rekstrarsamfellu**

(Ákvæði 1. mgr. 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Í tengslum við sjálfsmat sitt í samræmi við 2. gr. skulu viðskiptavettvangar prófa virkni áætlunarinnar um rekstrarsamfellu á grundvelli raunhæfra sviðsmynda og staðfesta getu viðskiptavettvangsins til að ná sér eftir atvik sem veldur röskun og til að hefja viðskipti að nýju eins og sett er fram í 2. mgr. 15. gr.
2. Beri nauðsyn til skulu viðskiptavettvangar, með hliðsjón af niðurstöðum reglubundinnar endurskoðunar í samræmi við 1. mgr., tryggja að endurskoðun áætlunar þeirra um rekstrarsamfellu og fyrirkomulags til að viðhalda henni sé annaðhvort framkvæmd af óháðum matsaðila eða annarri deild innan viðskiptavettvangsins en þeirri sem ber ábyrgð á starfseminni sem er til endurskoðunar. Niðurstöður prófananna skulu skjalfestar skriflega, geymdar og lagðar fram fyrir framkvæmdastjórn viðskiptavettvangsins sem og þær rekstrareiningar sem koma að áætluninni um rekstrarsamfellu.
3. Viðskiptavettvangar skulu tryggja að prófanir á áætluninni um rekstrarsamfellu trufla ekki eðlilega viðskiptastarfsemi.

*18. gr.***Forvarnir gegn ótilhlýðilegum viðskiptaaðstæðum**

(Ákvæði 4., 5. og 6. mgr. 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Viðskiptavettvangar skulu a.m.k. búa yfir eftirfarandi fyrirkomulagi til að koma í veg fyrir ótilhlýðileg viðskipti og að farið sé yfir getumörk:
 - a) takmörkum fyrir hvern aðila sinn á fjölda tilboða sem send eru á sekúndu,
 - b) kerfi til að hafa hemil á flökti,
 - c) eftirliti áður en viðskipti fara fram.
2. Að því er varðar 1. mgr. skulu viðskiptavettvangar geta:
 - a) farið fram á upplýsingar frá aðilum sínum eða notendum sem hafa aðgang gegnum annan um skipulagskröfur þeirra og viðskiptaefirlit,
 - b) lokað tímabundið aðgangi aðila eða miðlara að viðskiptakerfinu að frumkvæði viðskiptavettvangsins eða að beiðni þess aðila, stöðustofnunaradila, miðlægs mótaðila, ef kveðið er á um slíkt í gildandi reglum miðlæga mótaðilans, eða lögbærs yfirvalds,
 - c) beitt neyðarstöðvunaraðgerð til að afturkalla óframkvæmd tilboð, sem aðili þeirra eða viðskiptavinur með aðgang gegnum annan hefur lagt fram, við eftirfarandi aðstæður:
 - i. að ósk aðila þeirra eða viðskiptavinar hans, með aðgang gegnum annan, ef aðilanum eða viðskiptavininum er tæknilega ókleift að eyða eigin tilboðum,
 - ii. ef tilboð eru ranglega tvískráð í tilboðaskránni,
 - iii. í kjölfar tímabundinnar lokunar annaðhvort að frumkvæði rekstraraðila markaðarins eða lögbærs yfirvalds,
 - d) fellt niður eða afturkallað viðskipti ef upp kemur bilun í þeim kerfum viðskiptavettvangsins sem hafa hemil á flökti eða rekstrarþáttum viðskiptakerfisins,
 - e) jafnað innstreymi tilboða milli mismunandi gátta þeirra, noti viðskiptavettvangurinn fleiri en eina gátt til að koma í veg fyrir kerfishrun.

3. Viðskiptavettvangar skulu setja fram stefnur og fyrirkomulag að því er varðar:
- kerfi til að hafa hemil á flökti í samræmi við 19. gr.,
 - eftirlit áður en viðskipti fara fram og að viðskiptum loknum sem vettvangurinn beitir og eftirlit áður en viðskipti fara fram og að viðskiptum loknum sem er nauðsynlegt svo aðilar hans fái aðgang að markaðnum,
 - skyldu aðila sinna til að búa yfir eigin neyðarstöðvunaraðgerð,
 - upplýsingakröfur fyrir aðila sína,
 - tímabundna lokun aðgangs,
 - afturköllunarstefnu í tengslum við fyrirmæli og viðskipti sem gildir um:
 - tímasetningar,
 - verklag,
 - tilkynninga- og gagnsæisskyldur,
 - málsmeðferð við lausn deilumála,
 - ráðstafanir til að lágmarka villur í viðskiptum,
 - fyrirkomulag til hægingar tilboða þ.m.t.:
 - fjöldi tilboða á sekúndu með fyrirframskilgreindu millibili,
 - stefnu um jafna meðferð aðila, nema hægingu sé beint að einstökum aðilum,
 - ráðstafanir sem gera skal í kjölfar hægingaratburðar.
4. Viðskiptavettvangar skulu birta opinberlega stefnur sínar og fyrirkomulag sem um getur í 2. og 3. mgr. Sú skylda skal ekki gilda um hinn tiltekna fjölda tilboða á sekúndu með fyrirframskilgreindu millibili né tiltekin viðmið í þeim kerfum þeirra sem hafa hemil á flökti.
5. Viðskiptavettvangar skulu halda ítarlegar skrár um stefnur sínar og fyrirkomulag skv. 3. mgr. í að lágmarki fimm ár.

19. gr.

Kerfi til að hafa hemil á flökti

(Ákvæði 5. mgr. 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

- Viðskiptavettvangar skulu tryggja að viðeigandi kerfi til sjálfkrafa stöðvunar eða takmörkunar viðskipta séu ávallt starfhæf á viðskiptatíma.
- Viðskiptavettvangar skulu tryggja að:
 - kerfi til stöðvunar eða takmörkunar viðskipta séu prófuð áður en þau eru tekin í notkun og reglulega eftir það þegar geta og frammistaða viðskiptakerfanna er könnuð,
 - til staðar sé upplýsingatækni og mannauður til að annast hönnun, viðhald og eftirlit með þeim kerfum sem innleidd eru til stöðvunar eða takmörkunar viðskipta,
 - kerfi sem hafa hemil á markaðsflökti séu stöðugt vöktuð.

3. Viðskiptavettvangar skulu halda skrár um reglur og viðmið þeirra kerfa sem hafa hemil á flökki og um allar breytingar á þeim, ásamt skráum um rekstur, umsjón með og uppfærslu þessara kerfa.
4. Viðskiptavettvangar skulu tryggja að reglur sínar um þau kerfi sem hafa hemil á flökki feli í sér verklagsreglur um stjórnun aðstæðna þar sem víkja þarf frá viðmiðum á handvirkan hátt til að tryggja skipuleg viðskipti.

20. gr.

Eftirlit áður en viðskipti fara fram og að viðskiptum loknum

(Ákvæði 4. og 6. mgr. 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Viðskiptavettvangar skulu beita eftirfarandi stjórnækjum á undan viðskiptum og skulu stjórnækini löguð að hverjum fjármálagerningi sem viðskipti eru með á þeim:
 - a) verðkrögum (e. *price collars*), sem sjálfkrafa loka á tilboð sem uppfylla ekki fyrirframákveðin verðviðmið á grundvelli hvers tilboðs fyrir sig,
 - b) hámarksvirði tilboða, sem koma sjálfkrafa í veg fyrir að tilboð með óvenju háu virði komist í tilboðaskrána, á grundvelli undirliggjandi verðmætis hvers fjármálagernings,
 - c) hámarksmagn tilboða, sem kemur sjálfkrafa í veg fyrir að óvenjustór tilboð komist í tilboðaskrána.
2. Stjórnækni til beitingar áður en viðskipti fara fram, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., skulu þannig úr garði gerð að þau tryggi að:
 - a) við sjálfvirka beitingu þeirra sé unnt að endurstilla mörk á viðskiptatímabilinu og í öllum fösum þess,
 - b) töf á vöktun þeirra sé ekki lengri en fimm sekúndur,
 - c) tilboði sé hafnað þegar farið er yfir mörk,
 - d) til staðar sé verklag og fyrirkomulag til að heimila tilboð yfir mörkum að ósk hlutadeigandi aðila. Slíkt verklag og fyrirkomulag skal gilda um tiltekið eða tiltekin tilboð tímabundið við undantekningaraðstæður.
3. Viðskiptavettvöngum er heimilt að koma á fót þeim eftirlitsstjórnækjum til beitingar eftir viðskipti sem þeir telja viðeigandi á grundvelli áhættumats á starfsemi aðila þeirra.

21. gr.

Fyrirframákvörðun skilyrða fyrir að veita beinan, rafrænan aðgang

(Ákvæði 7. mgr. 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

Viðskiptavettvangar sem heimila beinan, rafrænan aðgang gegnum kerfi sín skulu setja fram og birta reglur og skilyrði sem aðilum þeirra er skylt að fara eftir þegar þeir veita viðskiptavinum sínum beinan, rafrænan aðgang. Þessar reglur og skilyrði skulu að lágmarki taka til þeirra tilteknu krafna sem settar eru fram í 22. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/589 ⁽¹⁾.

⁽¹⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/589 frá 19. júlí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina skipulagskröfur verðbréfafyrirtækja sem leggja stund á viðskipti með notkun algríms (Stjtíð. ESB L 87, 31.03.2017, bls. 417).

22. gr.

Sértækar kröfur fyrir viðskiptavettvanga sem heimila aðgang gegnum aðra

(Ákvæði 7. mgr. 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Viðskiptavettvangar skulu gera veitingu aðgangs gegnum aðra háða leyfi sínu og skulu krefjast þess að fyrirtæki sem hafa aðgang gegnum aðra falli undir a.m.k. sams konar eftirlit og sem um getur í b-lið 3. mgr. 18. gr.
2. Viðskiptavettvangar skulu tryggja að þeir sem veita aðgang gegnum aðra eigi ávallt einkarétt á því að setja eða breyta þeim viðmiðum sem gilda um eftirlitið sem um getur í 1. mgr. að því er varðar tilboðaflæði viðskiptavina þeirra með aðgang gegnum aðra.
3. Viðskiptavettvangar skulu geta stöðvað tímabundið eða afturkallað aðgang sem veittur er gegnum aðra til handa viðskiptavinum sem hafa brotið gegn tilskipun 2014/65/ESB, reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 ⁽¹⁾ og (ESB) nr. 596/2014 ⁽²⁾ eða innri reglum viðskiptavettvangsins.

23. gr.

Öryggi og aðgangstakmarkanir

(Ákvæði 1. mgr. 48. gr. tilskipunar 2014/65/ESB)

1. Viðskiptavettvangar skulu búa yfir verklagi og fyrirkomulagi raunlægs og rafræns öryggis sem hefur þann tilgang að verja kerfi þeirra fyrir misnotkun eða óheimilum aðgangi og tryggja heilleika gagna sem mynda hluta kerfanna eða fara gegnum þau, þ.m.t. fyrirkomulagi sem gerir kleift að koma í veg fyrir eða lágmarka hættuna á árásum á upplýsingakerfi eins og skilgreint er í a-lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/40/ESB ⁽³⁾.
2. Einkum skulu viðskiptavettvangar gera og viðhalda ráðstöfunum og koma á fót og viðhalda fyrirkomulagi raunlægs og rafræns öryggis til að greina tafarlaust og koma í veg fyrir eða lágmarka áhættu í tengslum við:
 - a) óheimilan aðgang að viðskiptakerfi þeirra eða hluta þess, þ.m.t. óheimilan aðgang að vinnusvæði og gagnaverum,
 - b) kerfistruflanir sem hindra verulega eða trufla virkni upplýsingakerfis með því að setja inn gögn, senda, skemma, eyða, spilla, breyta eða leyna slíkum gögnum, eða með því að gera slík gögn óaðgengileg,
 - c) gagnatruflanir sem leiða til eyðingar, eyðileggingar, spillingar, breytingar eða leyndar gagna í upplýsingakerfinu, eða gera slík gögn óaðgengileg,
 - d) hleranir, eftir tæknilegum leiðum, á óopinberum gagnasendingum til, frá eða innan upplýsingakerfis, þ.m.t. rafsegulgeislun frá upplýsingakerfi sem geymir slík gögn.
3. Viðskiptavettvangar skulu tafarlaust upplýsa lögbæra yfirvaldið um misnotkun eða óheimilan aðgang með því að gefa tafarlaust skýrslu um atvikið þar sem fram kemur eðli atviksins, ráðstafanir sem gerðar voru til að bregðast við því og aðgerðir sem ráðist var í til að koma í veg fyrir að svipuð atvik endurtaki sig í framtíðinni.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjúd. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014 frá 16. apríl 2014 um markaðssvik (reglugerð um markaðssvik) og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB, 2003/125/EB og 2004/72/EB (Stjúd. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 1).

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/40/ESB frá 12. ágúst 2013 um árásir gegn upplýsingakerfum og um að skipta út rammaákvörðun ráðsins 2005/222/DIM (Stjúd. ESB L 218, 14.8.2013, bls. 8).

24. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með deginum sem birtist fyrst í annarri undirgrein 1. mgr. 93. gr. tilskipunar 2014/65/ESB.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. júlí 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Viðmið sem taka skal tillit til við sjálfsmat viðskiptavettvanga, eins og um getur í 1. mgr. 2. gr.

- a) Eðli viðskiptavettvangsins að því er varðar:
- i. tegundir og lagalega stöðu þeirra gerninga sem viðskipti eru með á vettvangnum, svo sem hvort á honum eru viðskipti með auðseljanlega gerninga sem falla undir skyldubundin viðskipti,
 - ii. hlutverk viðskiptavettvangsins í fjármálakerfinu, s.s. hvort unnt er að eiga viðskipti annars staðar með fjármálagerningana sem ganga kaupum og sölum á honum.
- b) Stærð að því er varðar þau áhrif sem viðskiptavettvangurinn gæti mögulega haft á sanngjarna og skipulega starfsemi markaða a.m.k. miðað við eftirfarandi þætti:
- i. fjölda algríma sem notuð eru á vettvangnum,
 - ii. magn skilaboða sem vettvangurinn ræður við,
 - iii. magn viðskipta sem framkvæmd eru á vettvangnum,
 - iv. hundraðshlutfall algrímsviðskipta af heildarfjölda og heildarveltu viðskipta á vettvangnum,
 - v. hlutfall hátíðniviðskipta af heildarfjölda og heildarfjárhæð viðskipta á vettvangnum,
 - vi. fjölda aðila og þátttakenda hans,
 - vii. fjölda aðila hans sem veita beinan, rafrænan aðgang, þ.m.t., eftir atvikum, þann tiltekna fjölda aðila hans sem veita aðgang gegnum aðra og skilyrðin fyrir að bjóða beinan, rafrænan aðgang eða úthluta honum,
 - viii. hlutfallið milli óframkvæmdra fyrirmæla og viðskipta eins og það mælist og er ákvarðað samkvæmt framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/566 ⁽¹⁾,
 - ix. fjölda og hundraðshlutfall fjaraðila,
 - x. fjölda samhýsingar- eða nándarhýsingarsetra sem veitt eru,
 - xi. fjölda landa og svæða þar sem viðskiptavettvangurinn er með atvinnustarfsemi,
 - xii. rekstrarskilyrði kerfa sem hafa hemil á flökti og hvort breytileg eða föst viðskiptamörk eru notuð til að virkja tímabundnar stöðvanir eða höfnun fyrirmæla.
- c) Flækjustig með tilliti til:
- i. flokka fjármálagerninga sem viðskipti eru með á viðskiptavettvangnum,
 - ii. viðskiptalíkana sem tiltæk eru á viðskiptavettvangnum, þ.m.t. mismunandi viðskiptalíkana sem notuð eru á sama tíma, s.s. uppboðsviðskiptakerfa, samfelldra uppboðsviðskiptakerfa og blandaðra kerfa,
 - iii. beitingar undanþágu frá gagnsæi áður en viðskipti fara fram ásamt þeim viðskiptalíkönum sem notuð eru,
 - iv. fjölbreytni viðskiptakerfa sem viðskiptavettvangurinn notar og hve mikla stjórn hann hefur á uppsetningu, stillingu, prófunum og úttektum á viðskiptakerfum sínum,
 - v. skipulags viðskiptavettvangsins að því er varðar eignarhald og stjórnarhætti og þess hvernig hann er úr garði gerður skipulagslega, rekstrarlega, tæknilega, raunlægt og landfræðilega,
 - vi. hinna mismunandi staðsetninga tenginga og tæknibúnaðar viðskiptavettvangsins,
 - vii. fjölbreytni raunlægra viðskiptainnviða viðskiptavettvangsins,
 - viii. umfangs útvistunar hjá viðskiptavettvangnum einkum þar sem rekstrarþáttum hefur verið útvistað,
 - ix. tíðni breytinga á viðskiptalíkönunum, upplýsingatæknikerfum og aðild að viðskiptavettvangnum.

(1) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/566 frá 18. maí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir hlutfall óframkvæmdra fyrirmæla miðað við viðskipti í því skyni að koma í veg fyrir ótilhlýðilegar viðskiptaaðstæður (Stjtið. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 84).